

SJÓNAUKINN

28. APRÍL 2021 - 4. MAÍ 2021

• 17. tölublað • 36. árgangur •



Lausar stöður í leikskólanum Ásgarði

Deildastjórar - leikskólakennarar –

leiðbeinendur – ræsting

Við leikskólann Ásgarð eru lausar stöður

- 100% staða deildastjóra á yngra stigi leikskólakennari/leiðbeinenda.
- 100% staða deildastjóra á eldra stigi leikskólakennari/leiðbeinenda.
- Þrjár 100% stöður leikskólakennara/leiðbeinenda.
- 100% staða sem skiptist í leiðbeinanda og ræstingu, sem felur í sér þrif og aðalhreingerningu. Starfið er á dagvinnutíma.

Við leitum að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingum með góða íslenskukunnáttu, áhuga á að vinna með börnum og góða hæfni í mannlegum samskiptum.

- Leyfisbréf, háskólamenntun og/eða aðra menntun
- Áhuga á að starfa með börnum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Fagmennska
- Skipulagshæfileika
- Hæfni til að sýna frumkvæði í starfi
- Gleði og jákvæðni

Kaup og kjör samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags. Í samræmi við jafnréttisstefnu Húnaþings vestra eru öll kyn hvött til að sækja um störfín.

Upplýsingar um leikskólastarfið má finna á <http://asgardur.leikskolinn.is/>

Hugmyndafræði skólans byggir á kenningum Mihaly Csikszentmihalyi, flæði.

Umsóknafrestur er til 10. maí 2021 næstkomandi og þarf viðkomandi að hefja störf 29. júlí 2021. Umsókn ásamt ferilskrá og meðmælendum skulu berast í leikskólann Ásgarð Garðavegi 7, 530 Hvt. eða rafrænt á leikskoli@hunathing.is

Frekari upplýsingar veitir Guðrún Lára Magnúsdóttir leikskólastjóri í síma 451-2343 / 891-8264

Umsækjandi má hvorki hafa hlotið refsisdóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 né hafa hlotið refsisdóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Rétt er að vekja athygli á því í auglýsingu að við ráðningu er heimilt að sækja upplýsingar úr sakaskrá um það hvort tiltekinn einstaklingur hafi hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, að veittri fræðslu til hans þar að lútand



sjonaukinn@sjonaukinn.is - sjonaukinn.is

ORÐ Í TÍMA TÖLUÐ

Pistill dagsins er frá Magnúsi Magnússyni frá Staðarbakka

Vegurinn

„Hver vegur að heiman er vegurinn heim“ segir máltækið en þó kemur hann lítt að gagni til og frá nema hann sé þokkalega fær. Um vegamál, sérstaklega Vatnsnesveg, var allmikið rætt í okkar héraði fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar og ekki að tilefnislausu og þar hét undirritaður að beita þekkingu, reynslu og tengslum til þess að þoka málum áfram fyrir hérað og héraðsbúa. Í Húnaþingi vestra eru 170 km. tengivega á möl og finnast ekki jafnmargir kílómetrar malarvega í tengivegaflokki í þeim þremur héraðum sem Norðurland vestra nær yfir.

Eining og samstaða hefur verið um þessi mál sem önnur á kjörtímabilinu og til marks um það var samþykkt samhljóða tillaga undirritaðs, á fyrsta sveitarstjórnarfundum eftir sumarleyfi að loknum kosningum 2018, þess efnis að stofna starfshóp um samgöngumál, sem yrði sveitarstjórn innan handar varðandi tillögugerð og forgangsröðun í vegamálum. Starfshópurinn skyldi kortleggja nauðsynlegar samgöngubætur í héraðinu og leita mögulegra leiða í samráði við Vegagerð ríkisins og stjórnvöld til þess að hraða framkvæmdum s.s. kostur væri. Í þessum hópi tóku sæti oddvitar beggja lista auk sveitarstjóra. Starfshópurinn tók til starfa strax í september 2018 og átti símafundi með hluta af þingmannahópi kjördæmisins og samgönguráðherra auk staðfunda með forsvarsmanni Vegagerðar ríkisins á Hvammstanga og svæðisstjóra sömu stofnunar á Norðurlandi.

Nokkrum vikum síðar eða á haustþingi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra í október 2018 var samþykkt stofnun samgöngu- og innviðanefndar SSNV. Undirritaður hlaut stuðning og traust sveitarstjórnar Húnaþings vestra til að setjast í umrædda nefnd fyrir hönd Húnaþings vestra.

Áður en nefndin tók til starfa fór undirritaður ásamt þáverandi

formanni byggðarráðs Húnaþings vestra á fund samgöngunefndar alþingis og þar var haldið á lofti nauðsynlegum vegabótum tengivega í héraði og þá sérstaklega Vatnsnesvegur. Fengust þar afar góðar viðtökur, þakklæti fyrir framsöguna og persónuleg áheyrn allflestra nefndarmanna að fundi loknum. Fáum dögum síðar fékk sveitarstjórn samgönguráðherra til að koma á fund um samgöngumál, sem haldinn var á Hótel Hvítserki í Vesturhópi. Þar höfðu framsögu auk ráðherra, Ingveldur Ása Konráðsdóttir þáverandi formaður byggðarráðs Húnaþings vestra og Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir f.h. íbúa á Vatnsnesi en Guðrún Ósk hafði þá um tíma og síðar haft forgöngu um þrýsting á samgöngubætur kringum Vatnsnesið. Undirritaður dró á þessum fundi líkt og frammi fyrir samgöngunefnd alþingis upp þá sviðsmynd að uppbyggingarverkefni Vatnsnesvegur væri af slíkri stærðargráðu að þótt vegurinn væri vissulega tengivegur þá yrði að taka hann út fyrir sviga og út úr tengivegapotti og setja sem sérlið inn á samgönguáætlun. Þrátt fyrir góða fundi með samgöngunefnd og samgönguráðherra var kálið ekki sopið þó í ausuna væri komið.

Samgöngu- og innviðanefnd tók til starfa strax í desember 2018 og var starfið yfirgripsmikið. Fyrir voru tekin vega-, hafnar-, flugvallar-, fjarskipta- og raforkumál. Gengið var röklega til verks og skilaði nefndin af sér skýrslu og um leið tillögu að samgöngu- og innviðaáætlun SSNV á ársþinginu vorið 2019. Skýrslan og tillagan voru samþykkt samhljóða á þinginu og var það þakkarverð niðurstaða og eining sem þar náðist. Niðurstaða varðandi vegamál var sú að tvær vegaframkvæmdir voru settar á oddinn varðandi sameiginleg áherslumál sveitarfélagana á Norðurlandi vestra. Annars vegar uppbygging syðri hluta Skagastrandarvegur, sem nefnist Þverárfjallsvegur um Refasveit, ásamt nýrri brú yfir Laxá í Refasveit og hins vegar uppbygging Vatnsnesvegur. Að öðru leyti setti hvert sveitarfélag fyrir sig fram sínar áherslur varðandi forgangsroð vegaframkvæmda. Þegar samgönguráðherra lagði fram endurskoðaða samgönguáætlun á alþingi haustið 2019 var Vatnsnesvegurinn kominn á áætlun, reyndar undir þeim formerkjum að mikill minnihluti fjármagnsins átti að koma á öðru tímabili áætlunarinnar en aukinn meirihluti fjármagnsins á þriðja tímabili. Samþykkti samgöngunefnd

alþingis og síðar meirihluti þingsins þessa tillögu ráðherra að endurskoðaðri áætlun. Þessi niðurstaða náðist öðrum þræði vegna slagkraftsins sem kom í kjölfar þess að Vatnsnesvegurinn var samþykktur sem sérstakt forgangsverkefni í samgöngu- og innviðaáætlun SSNV.

Síðan Vatnsnesvegur komst inn á samgönguáætlun hefur undirritaður talað fyrir tvennu innan sveitarstjórnar Húnaþings vestra, á þingum SSNV, á þingmannafundum og fundum með embættismönnum Vegagerðar ríkisins. Annars vegar að fá Vatnsnesveginn færðan framur í samgönguáætlun og hins vegar að fá fjármagn úr tengivegapotti í millitíðinni til að byggja upp stutta kafla á hverju ári og nýta þannig tímann til að vinna í haginn þegar kemur að aðalframkvæmdinni. Þessi þrýstingur og samstaða sveitarstjórnar hefur skilað því að á þessu ári verður farið í byggingu nýrrar brúar yfir Vesturhópshólaá í Vesturhópi og um leið uppbyggingu á veginum frá Þorfinnsstöðum og út fyrir nefnda á eða tæplega þriggja km. kafla. Á næsta ári verður síðan farið í uppbyggingu 5 km. kafla á Vatnsnesvegi að vestanverðu frá Kárastöðum og út fyrir Ánastaði.

Þrátt fyrir það sem áunnist hefur í þessari pólitísku samgöngu-baráttu gera allir hlutaðeigandi sér grein fyrir því að langt er til lands. Langur vegur er framundan en dropinn holar steininn líkt og veginn. Því skal haldið áfram að hamra járníð og ganga til góðs götuna fram eftir veg.

Magnús Magnússon

Styrktarsjóður USVH 2021

Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga auglýsir eftir umsóknum vegna fyrri úthlutunar úr styrktarsjóði USVH 2021. Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins má finna á heimasíðu USVH, www.usvh.is.


Umsóknir skal senda á netfangið usvh@usvh.is fyrir laugardaginn 1. maí 2021.

Stjórn USVH

KROSSGÁTAN

Lárétt

- 4. Drulla
- 5. Borg í Húnaþingi vestra
- 10. Kk. nafn
- 11. Slæmur vegur
- 13. Fæða
- 15. Í Miðfirði
- 17. Vorið er..
- 18. Einskis



Lóðrétt

- 1. Fiskur
- 2. Gelta
- 3. Mamma
- 6. Virki í Húnaþingi vestra
- 7. Heiti
- 8. Sól
- 9. Sveigur
- 12. Málmur
- 14. Saggi
- 16. Tegund

Lausn í næsta Sjónauka ;)

AUGLÝSING Í SJÓNAUKANN

Sendu auglýsinguna þína á netfangið
sjonaukinn@sjonaukinn.is fyrir kl. 23:59 á
þriðjudögum



Landsbankinn styrkir
UMF Kormák

LAUSN KROSSGÁTU ÚR TÖLUBLAÐI 16.

